

Landbúnaðarráðuneyti
Hákon Sigurgrímsson
Sölvhólsstötu 7
150 Reykjavík

12. ágúst 2003
Tilvísun: UST20030700075/tb

Efni: Innflutningur á *Mustela putoris*

Vísað er í bréf frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 7. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna umsóknar um að fá að flytja til landsins tegundina *Mustela putoris* eða marðardýr, þefvísla, sem er náskylt mink *Mustela vison*. Fram kemur að sótt er um að flytja inn til landsins tvö dýr, karlkyns og kvenkyns, sem bæði hafa farið í ófrjósemisaðgerð. Engar frekari upplýsingar er að finna um lífshætti dýrsins svo sem útbreiðslu, hugsanlega skaðsemi eða annað sem máli þykir skipta.

Inngangur:

Engar upplýsingar fylgja með umsókninni um hvort líklegt sé að *Mustela putoris* geti lifað í íslenskri náttúru og hvaða áhrif það hugsanlega hefði ef svo reyndist vera að hún gæti það. Tegundir af *Mustela* eru mjög útbreiddar í heiminum og eru upprunalega að finna í öllum heimsálfum nema í Ástralíu og á Suðurheimskautslandinu og á flestum eyjum. Öllum er kunnugt um útbreiðslu og sögu minksins á Íslandi og þær breytingar sem hann er talinn hafa haft í för með sér í íslenskri náttúru, sérstaklega fyrir fuglalíf. Miklum fjármunum hefur verið varið til að reyna að útrýma eða halda minkastofninum niðri í landinu. *Mustela putoris* er útbreidd tegund í allri Evrópu austur til Úralfjalla, norður til Finnlands og finnst einnig í Svíþjóð og Noregi.

Niðurstaða:

Umhverfisstofnun getur ekki mælt með innflutningi á marðardýrum til Ísland þ.m.t. *Mustela putoris* og byggir þá afstöðu á reynslu af sögu minksins á Íslandi. Stofnunin bendir þó á að frekari upplýsingar vantar með framangreindri umsókn um hugsanleg áhrif tegundarinnar og reynslu annarra þjóða, sjá hér að ofan.

Umhverfisstofnun bendir á að til að stofnunin taki til endurskoðunar framangreinda afstöðu þarf að staðfesta, af þar til bærum aðilum, að þau dýr sem óskað er eftir að flytja inn til landsins séu örugglega ófrjó og sýna jafnframt fram á að tegundin sé ekki líkleg til að valda skaða í íslenskri náttúru. Stofnunin bendir

ennfremur á að uppfylla þarf önnur skilyrði sem kunna að gilda um innflutning dýra en eru ekki á vegum Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Sviðsstjóri/fagstjóri

Árni Bragason
Forstöðumaður